

Krílakot og Kátakot Dalvík

Sumar fréttabréf 2016

VIRÐING
JÁKVÆÐNI
METNAÐUR



Komið sæl

Í maí var mikið um að vera í leikskólunum. Starfsfólkið byrjaði mánuðinn á því að fara í námsferð til Minneapolis með það að markmiði að skoða skólastarf og þjappa höpnum saman fyrir sameiningu skólanna í ágúst.

Opinn dagur var í Kátakoti í maí og þökkum við foreldrum kærlega fyrir komuna. Við skelltum okkur í sveitina og foreldrar grilluðu pylsur handa börnum og foreldrum að ferðunum loknum. Við flöggudum nýjum Grænfána í öllum leik og grunnskólum í Dalvíkurbyggð en þetta er í þriðja sinn sem við fáum þessa viðurkenningu. Elstu börnin í Kátakoti útskrifuðust í maí við mjög svo flotta athöfn í Grunnskóla Dalvíkur og hvet ég foreldra til að skoða myndbandið sem þau gerðu í tilefni dagsins sem er á heimasíðunni. Við þökkum stjórn foreldrafélagsins og ykkur öllum kærlega fyrir samveruna og samstarfið í kringum alla þessa mikilvægu viðburði.

Nú er sumardagskráin okkar að hefjast en þá breytum við út frá hefðbundnu hópastarfi, skiptum okkur í hópa og tökumst á við fjölbreytt verkefni á útisvæði og förum í gönguferðir um nágrennið.

Að loknu sumarleyfi verða tímamótabreytingar í skólamálu á Dalvík. Kátakot mun loka og við munum taka í notkun nýbygginguna sem nú er í smíðum. Við munum senda póst á foreldra þegar líður að opnum með upplýsingum um skipulag og hvaða starfsmenn verða á deildunum. 22 börn eru að fara frá okkur og hefja grunnskólagöngu sína en á móti munu um 20 ný börn hefja skólagöngu í Krílakoti í haust, þau yngstu rétt um 9 mánaða.

Bestu kveðjur Drífa.



Skralli heimsótti okkur eftir sveitaferðina

Foreldraráð 2015-2016

Vinum saman að velferð barna okkar og leikskólans.

Freyr (Þórlaug Diljá)
Karl (Brijet Þóra og Bóas Atli)
Gísli Rúnar (Alexandra Björk og Rakel Erla)
Sunna (Álfgrímur Bragi)
Helgi (Ingólfur Oddi og Eyrún Hekla)



Sumarlokun 2016

Krílakot lokar 4 júlí—opnar þann 11 ágúst.




Kátakot lokar 11 júlí - mæting í Krílakot að loknu sumarleyfi þann 11 ágúst.

Skipulagsdagar eru þann 9 og 10 ágúst

Uppbyggingarstefnan

Það er mikilvægt að við lærum að þekkja okkur sjálf og þarfir okkar. Það er líka mikilvægt að forðast ákveðið samskiptamynstur.



Áhrif



Tilheyra



Frelsi



Gleði



Öryggi





Grænánaverkefnið okkar

Afhending Grænána 2016



Börn og starfsfólk taka við formlega við Grænána í 3 sinn í maí 2016.

Til hamingju með áfangann

Foreldrafélag Krílakots og Kátakots Skólaárið 2014-2015

Harpa (Barri og Viggó)
Katla (Anton Andri og Arnór Atli)
Guðríður (Hákon Bragi)
Júlíana (Einar og Sæþór)
Elíngunn (Hilmir Peyr)

Stöndum saman að velferð barna okkar

Breytingar á skrudgöngu í tilefni 17 júní

Við höfum á undanförunum árum farið í skrudgöngu þann 16 júní í tilefni 17 júní og foreldrum verið boðið með.

Við þurfum aðeins að breyta skipulagi þetta árið þar sem foreldrafélagið bauð okkur í leiksýningu klukkan 09:00. Að lokinni leiksýningu fyrir klukkan 10:00 ætlum við að ganga að Ráðhúsinu og syngja fyrir starfsfólkið og síðan að Dalbæ og syngja fyrir heimilisfólkið. Að því loknu fer Krílakot til síns heima en Kátakot heldur áfram göngunni. Ef foreldrar vilja koma með í gönguna þá er það velkomið. Við munum senda póst síðar um hvenær leiksýningunni er lokið.



Öryggi barna

Samkvæmt lögum skal ökumaður sjá til þess að börn undir 15 ára séu í ákveðnum öryggis- og verndarbúnaði.

Það kemur fyrir að börn eru laus í bílum þegar þau koma í leikskólann eða fara og hjálmlaus á hjólum

Starfsmönnun ber að tilkynna til barnaverndar verði þeir vitni af vanrækslu og ef þeir telja öryggi og velferð barna sé ógnað.



Munið að loka alltaf hliðinu á eftir ykkur, bæði í Krílakoti og Kátakoti.

Stöndum saman og sköpum börnunum okkar örugg umhverfi

LAP

Starfsfólk Krílakots og Kátakots fór á fyrirlestur hjá höfundi LAP, Roma Chumak, sem heimsótti okkur frá Canada nú á dögum. Hún skoðaði hvað við erum að gera í fjölmennigarmálum og var með fræðslu um nýjustu rannsóknir á því hvernig best er að vinna með tvítýngdum börnum og foreldrum þeirra. Við erum að gera marg gott en getum enn bætt okkur og munum við halda áfram markvissri vinnu á komandi skólaári.

Roma heillaðist af landi og þjóð þann tíma sem hún dvaldi á landinu og þakkaði frábærar móttökur.

LINGUISTICALLY
APPROPRIATE
PRACTICE

